

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2008 frá 5. desember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1062/2008 frá 28. október 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar árstíðarbundnar leiðréttingar og gæðaskýrslur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 frá 22. október 2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB, KBE) nr. 1101/2008 fellur úr gildi reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Reglugerð (EB, KBE) nr. 1101/2008 er endurnýjuð útgáfa reglugerðar (KBE, EB) nr. 1588/90 og núverandi aðlögunarákvæði vegna þeirrar gerðar í samningnum skulu því standa óbreytt.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18v (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008):
„18va. **32008 R 1062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1062/2008 frá 28. október 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar árstíðarbundnar leiðréttingar og gæðaskýrslur (Stjtið. ESB L 285, 29.10.2008, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 285, 29.10.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 70.

⁽⁴⁾ Stjtið. **EEB** L 151, 15.6.1990, bls. 1.

2. 17. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1588/90) hljóði svo:

„**32008 R 1101**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 frá 22. október 2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 70).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við 2. gr.:

„k) Starfsmenn Hagskýrsluskristofu EFTA: starfsmenn EFTA-skrifstofunnar sem hafa vinnuáðstöðu í húsnæði Hagstofu Evrópubandalaganna.“

b) Í stað „Hagstofu Evrópubandalaganna“ í öðrum málslið 1. mgr. 5. gr. komi „Hagstofu Evrópubandalaganna og Hagskýrsluskristofu EFTA“.

c) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„Hagskýrslugögn, sem eru háð trúnaðarkvöðum og send Hagstofu Evrópubandalaganna um Hagskýrsluskristofu EFTA, skulu einnig vera tiltæk starfsmönnum síðarnefndu skrifstofunnar.“

d) Að því er ofangreind atriði varðar tekur hugtakið „Hagstofa Evrópubandalaganna“ í 6. gr. einnig til Hagskýrsluskristofu EFTA.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1062/2008 og (EB, KBE) nr. 1101/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.